

Það ber því samkvæmt 6. gr. laga nr. 46, frá 15. júní 1926, III. b.- og c. lið að neita um framgang hinnar umbeðnu gjörðar.

Miðvikudaginn 29. okt. 1930.

Nr. 53/1930. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
 gegn

Karl Kuhr (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 21. marz 1930: Kærði, Karl Kuhr, á innæn fjöggra vikna að greiða sekt, að upphæð 15000 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með átta mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum »Königsberg« B. X. 140, frá Bremenhaven skulu upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 20. marz þ. á. var varðskipið »Óðinn« á leið austur með landi út af Pétursey. Sást þá togari nokkru austar, grunsamlega nærri landi, og var því haldið í áttina til hans. Kl. 12,28 síðdegis mældi varðskipið stað sinn og afstöðu til togarans þannig:

Suðurendi Reynisfjalls \neq með Háadrang og \vee til Péturseyjar 68° og til togarans frá Portlandsvita 23° .

Kl. 12,32 var komið að togaranum »Königsberg« B. X. 140 frá Bremenhaven, er kærði var skipstjóri á, og þar gjörð eftirfarandi staðarákvörðun:

Drangshliðarfjall	
Pétursey	> $42^\circ 30'$
Hatta	> $59^\circ 10'$

Þessar mælingar varðskipsins hefir forstöðumaður stýrimannaskólans sett á sjóbréf, er lagt hefir verið fram í hæstarétti. Sýna þessar mælingar, að varðskipið hefir verið kl. 12,28 0,2 sm. innan landhelgi, og miðunarlinan til togarans sýnir, að hann hefir þá verið innan landhelgi, og staðarmælingin kl. 12,32 sýnir stað togarans 0,25 sm. innan landhelgi.

Þar sem kærði var með bakborðsvörpu í sjó, er hann var tekinn, er það sannað, að hann hefir verið að veiðum í landhelgi og þannig gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Og þar sem kærði hefir áður með dómi hæstaréttar 18. nóv. 1929 verið dæmdur í 12500 kr. sekt fyrir samskonar brot, þykir refsing kærða nú hæfilega ákveðin 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð, svo sem gjört er í lögregluréttardóminum, en þar sem ekki þykir ástæða til að vefengja staðhæfingu kærða um, að brotið sé óviljaverk, má fallast á, að héraðsdómarinn hefir eigi dæmt kærða í aukarefsingu, samkvæmt 5. gr. fyrnefndra laga. Þar sem einnig má fallast á ákvæði lögregluréttardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 80 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Karl Kuhr, greiði allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin málflytningislaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflytningismanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörns-sonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það má telja sannað í máli þessu með framlagðri skýrslu skipherrans á varðskipinu »Óðinn«, að kærði í máli þessu, Karl Kuhr, fæddur 14. jan. 1882, hafi í gærðag verið staddur 0,25 úr sjómilu fyrir innan landhelgislinuna, á skipi sinu, togaranum »Königsberg« B. X. 140, frá Bremenhaven, og verið þá að toga með bakborðsvörpu í sjó.

Kærði hefir viðurkennt, að hafa verið að toga á þeim tíma, er skýrsla skipherrans tiltekur, en hefir haldið fram, að hafa verið fyrir utan linuna. En fullyrðingar hans í þá átt eru þó ekki þess eðlis, að þær á nokkurn hátt geri skýrslu skipherrans tortryggilega eða afsanni hana í neinu.

Samkvæmt þessu verður að lita svo á, að kærði hafi gert sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð 15000 krónur, með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 0,8183 úr gullkrónu. Er þá tekið tillit til þess, að um ítrekað brot er að ræða af hálfu kærða á nefndum lögum, en að ekki þykir ástæða til að vefengja þá staðhæfing hans, að brotið sé óviljaverk, þar sem skip hans var svo skammt fyrir innan linuna. Skal sektin greiddast innan fjöggra vikna og renna í Landhelgissjóð Íslands, en afþánist með átta mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í ofanefndum togara, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.
